

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 8. nóvember 1990

um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE er fjalla um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, einkum hvað snertir ábyrgðartryggingu ökutækja

(90/618/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og með tilliti til eftirfarandi:*

Til að þróa váttryggingamarkaðinn innan bandalagsins samþykkti ráðið hinn 24. júlí 1973 tilskipun 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga ⁽⁴⁾, sem einnig er nefnd „fyrsta tilskipun“, og hinn 22. júní 1988 samþykkti það tilskipun 88/357/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 65, 15. 3. 1989, bls. 6, og Stjttíð. EB nr. C 180, 20. 7. 1990, bls. 6.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 68, 19. 3. 1990, bls. 85, og ákvörðun frá 10. október 1990 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 194, 31. 7. 1989, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3.

breytingu á tilskipun 73/239/EBE ⁽⁵⁾ sem einnig er nefnd „önnur tilskipun“.

Tilskipun 88/357/EBE auðveldaði váttryggingafyrirtækjum með aðalskrifstofur innan bandalagsins að veita þjónustu í aðildarríkjunum og gerði þannig váttryggingartökum kleift að leita ekki aðeins til váttryggjenda sem hafa starfsstöð í þeirra eigin landi, heldur einnig til váttryggjenda með aðalstöðvar innan bandalagsins og starfsstöð í öðrum aðildarríkjum.

Sumar tegundir áhættu féllu utan gildissviðs þeirra ákvæða tilskipunar 88/357/EBE sem sérstaklega lutu að rétti til að stunda þjónustustarfsemi, þar sem eðli þeirra og félagsleg þýðing varð til þess að ekki átti við að beita þeim um þá áhættu á því stigi vegna hinna sérstöku reglna sem yfirvöld aðildarríkja höfðu sett, en endurskoða átti það sem undanskilið var er tilskipunin hafði verið framkvæmd um tiltekinn tíma.

Ein undantekningin snerti ábyrgðartryggingu ökutækja, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni.

Er áðurgreind tilskipun var sett lýsti framkvæmdanefnd því yfir að hún myndi eins fljótt og unnt væri leggja fyrir ráðið tillögur varðandi rétt til að stunda þjónustustarfsemi á sviði ábyrgðartrygginga vélknúinna ökutækja (að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni).

Með fyrirvara um það sem segir í ákvæðum áðurgreindrar tilskipunar um lögboðnar váttryggingar er rétt að veita kost á því að beita megi ákvæðum um stóráhættu í skilningi 5.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 172, 4. 7. 1988, bls. 1.

gr. hennar um nefndan greinaflokk ökutækjatrygginga.

Einnig ber að sjá til þess að ákvæði um stóráhættu geti átt við um váttryggingu vélknúinna ökutækja og annarra ökutækja sem verða fyrir tjóni eða farast.

Tilskipun 88/357/EBE kvað svo á, að þær tegundir áhættu sem váttryggja má í samtryggingu innan bandalagsins og innan ramma tilskipunar ráðsins 78/473/EBE frá 30. maí 1978 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um samtryggingar innan bandalagsins ⁽¹⁾ skuli teljast stóráhætta í skilningi 88/357/EBE, en það að fella tilskipun þessa um greinaflokk ökutækjatrygginga undir skilgreiningu tilskipunar 88/357/EBE á stóráhættu hefur í för með sér að þessir greinaflokkar verða á listanum yfir þá flokka, sem váttryggja má í samtryggingu innan bandalagsins.

Tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE ⁽³⁾, var grundvölluð á notkun „græna skírteinisins“ og samningum milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga í því skyni að fella niður eftirlit við á notkun þess.

Engu að síður er æskilegt að kveða á um bráðabirgðatilhögun sem veitir aðildarríkjum færi á umþóttun til að koma hinum sérstöku reglum tilskipunar þessarar um meðferð stóráhættu innan áðurgreindra greinaflokka váttrygginga smám saman í framkvæmd, einnig þegar váttryggt er í samáhættu.

Til að tryggja að kerfi það sem byggist á notkun „græna skírteinisins“ og samningum milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga verði áfram virkt með viðunandi hætti er rétt að krefjast þess af váttryggingafyrirtækjum sem bjóða ábyrgðartryggingar vélknúinna ökutækja í aðildarríki á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi að þau gerist aðilar að landsskrifstofu alþjóðlegra bifreiðatrygginga í því ríki og taki þátt í að kosta starfsemi hennar.

Í tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE var gerð krafa um að aðildarríki settu á fót eða löggiltu stofnun (ábyrgðarsjóð) er hefði það hlutverk að annast bótagreiðslur til þeirra

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 151, 7. 6. 1978, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 103, 2. 5. 1972, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 129, 19. 5. 1990, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 8, 11. 1. 1984, bls. 17.

sem yrðu fyrir slysum af völdum óváttryggðra eða óþekktra ökutækja.

Einnig er rétt að krefjast þess af váttryggingafyrirtækjum er bjóða ábyrgðartryggingar vélknúinna ökutækja í aðildarríki á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi að þau gerist aðilar að ábyrgðarsjóði þeim sem stofnaður hefur verið í því aðildarríki og taki þátt í fjárframlögum til hans.

Reglur sem í gildi eru í sumum aðildarríkjum um vernd gegn íþyngjandi áhættu eiga við um öll váttryggingafyrirtæki, sem váttryggja um starfsstöð þar. Markmiðið með þeim er að tryggja, með hliðsjón af því að ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja er lögboðin, að jafnræðis sé gætt, þannig að umráðamenn ökutækja eigi þess kost að kaupa slíka váttryggingu. Leyfa ber aðildarríkjum að beita þeim reglum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda þjónustustarfsemi á yfirráðasvæði þeirra, að svo miklu leyti sem þær þjóna almannahagsmunum og eru ekki víðtækari en þörf er á til að ná ofangreindu markmiði.

Á sviði ábyrgðartrygginga vélknúinna ökutækja eru hagsmunir þeirra sem verða fyrir tjóni og eiga rétt á bótum í raun hagsmunamál allra og því er ástæða til að sjá til þess að hagsmunum þeirra sem hlut eiga að máli sé ekki stefnt í hættu eða þeim gert erfiðara fyrir þegar váttryggingar sem ábyrgðartryggir vélknúin ökutæki gerir það á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi en ekki á grundvelli staðfesturéttar. Í þessum tilgangi, og að því marki sem hagsmunir þeirra sem um ræðir eru ekki nægilega tryggðir með gildandi reglum um þjónustufyrirtæki í því aðildarríki þar sem þau hafa starfsstöð, ber að kveða á um það í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt að fyrirtæki skuli skipa sér fyrirsvarsmann með búsetu eða starfsstöð á yfirráðasvæði þess er safni öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við tjón, og hafi fullnægjandi umboð til að koma fram fyrir hönd þess gagnvart þeim tjónþolum er krafist gætu bóta, þar á meðal til að greiða bætur, og til að vera í fyrirsvari eða fela öðrum, eftir því sem með þarf, að svara fyrir það á vettvangi dómstóla og yfirvalda í því aðildarríki hvað þær kröfur snertir.

Einnig er unnt að fela fyrirsvarsmanninum að koma fram fyrir hönd váttryggingafyrirtækisins gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt hvað snertir eftirlit með því að ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja sé fyrir hendi og í gildi.

Rétt er að kveða á um tilhögun sem er sveigjanleg þegar meta skal hvort koma skuli á gagnkvæmum samningum á forsendum bandalagsins við ríki utan þess. Markmið slíkrar tilhögunar er ekki að loka fjármálamarkaði bandalagsins, heldur að stuðla að afnámi hafta á alþjóðlegum fjármálamarkaði þar eð bandalagið vill halda fjármálamarkaði sínum opnum gagnvart öðrum ríkjum heims. Með hliðsjón af þessu er í tilskipun þessari kveðið á um hvernig staðið skuli að

samningum við lönd utan bandalagsins, og um þann möguleika, að ef allt annað bregst sé unnt að gera ráðstafanir er feli í sér frestun á að taka afstöðu til nýrra umsókna um starfsleyfi eða að ný starfsleyfi séu takmörkuð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ökutæki“: samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE,
- b) „landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga“: skrifstofa samkvæmt skilgreiningu 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE,
- c) „ábyrgðarsjóður“: sjóður sem fjallað er um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE,
- d) „móðurfyrirtæki“: móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. og 2. gr. tilskipunar 83/384/EBE ⁽¹⁾,
- e) „dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE, og skal einnig litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki þess móðurfyrirtækis sem fyrir þeim fer.

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað orðanna „áhættu sem felld er undir 8., 9., 13. eða 16. flokk A-liðar viðaukans“ í fyrstu málsgrein liðar iii í d-lið 5. gr. tilskipunar 73/239/EBE:

„áhættu sem felld er undir 3., 8., 9., 10., 13. eða 16. flokk A-liðar viðaukans“.

3. gr.

1. Eftirfarandi kemur í stað fyrirsagnar III. bóls tilskipunar 73/239/EBE:

„III. BÁLKUR A

Reglur um umboð og útibú sem rekin eru innan bandalagsins og tilheyrta fyrirtækjum með aðalstöðvar utan þess“

2. Eftirfarandi fyrirsögn er felld inn á eftir 29. gr. tilskipunar 73/239/EBE:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 18. 7. 1983, bls. 1.

„III. BÁLKUR B

Reglur um dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja sem lög ríkja utan bandalagsins gilda um, og um öflun móðurfyrirtækjanna á eignarhlutum“

4. gr.

Eftirfarandi greinum, 29. gr. a og 29. gr. b, er bætt við III. bálk B í tilskipun 73/239/EBE:

„29. gr. a

Lögbær yfirvöld einstakra aðildarríkja skulu tilkynna framkvæmdastjórninni:

- a) þegar starfsleyfi er veitt fyrirtækjum sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki, ef löggjöf ríkis utan bandalagsins gildir um móðurfyrirtæki þeirra, eitt eða fleiri. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta váttrygginganefnd þeirri sem ráðið skal setja á stofn að tillögu hennar,
- b) þegar móðurfyrirtæki aflar sér eignarhlutar í váttryggingafyrirtæki innan bandalagsins, þannig að það verður að dótturfyrirtæki hins fyrrnefnda. Framkvæmdastjórn skal tilkynna þetta váttrygginganefnd þeirri sem ráðið skal setja á stofn að tillögu hennar.

Þegar starfsleyfi eru veitt fyrirtækjum sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki eins eða fleiri móðurfyrirtækja er löggjöf ríkja utan bandalagsins gildir um, skal tilgreina hvernig skipulagi hópsins er háttað í tilkynningu sem lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni.

29. gr. b

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem váttryggingafyrirtæki þeirra rekast á er þau sækjast eftir að öðlast staðfestu eða stunda rekstur í landi utan bandalagsins.

2. Framkvæmdastjórn skal í upphafi og eigi síðar en sex mánuðum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda og reglulega eftir það semja skýrslur um þau kjör í skilningi 3. og 4. mgr. sem váttryggingafyrirtæki innan bandalagsins sæta í löndum utan þess hvað snertir rétt þeirra til að stofna þar til og stunda váttryggingastarfsemi, og öflun eignarhluta í váttryggingafyrirtækjum í löndum utan bandalagsins. Skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

3. Nú telur framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna samkvæmt 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að land utan bandalagsins veiti ekki váttryggingafyrirtækjum innan bandalagsins raunverulegan aðgang að markaðinum sem er sambærilegur við þann aðgang sem bandalagið veitir váttryggingafyrirtækjum frá því landi, og getur hún þá lagt til við ráðið að það veiti viðeigandi umboð til samningaviðræðna til að ná

fram sambærilegri samkeppnisaðstöðu fyrir váttryggingafyrirtæki bandalagsins. Tekur ráðið ákvörðun sína með auknum meirihluta.

4. Nú telur framkvæmdastjórn, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að váttryggingafyrirtæki innan bandalagsins sem starfa í landi utan þess njóti þar ekki slíkrar meðferðar að þau hafi sömu samkeppnistækifæri og innlend váttryggingafyrirtæki og skilyrði aðgangs að markaðinum séu þar ekki uppfyllt, og getur framkvæmdastjórn þá hafið samningaumleitunir í þeim tilgangi að ná fram úrbótum.

Við þær aðstæður sem lýst er í undanfarandi undirgrein má einnig, auk þess að hefja samningaumleitunir hvenær sem er, ákveða í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í réttarheimild um stofnun váttrygginganefndar þeirrar sem í 29. gr. a segir, að lögbær yfirvöld aðildarríkja skuli takmarka ákvarðanir sínar eða fresta þeim:

- um starfsleyfisumsóknir sem fyrir liggja á þeim tíma er ákvörðun um slíkt er tekin, svo og um síðari starfsleyfisumsóknir, og
- um öflun beinna og óbeinna móðurfyrirtækja, sem lúta löggjöf hlutaðeigandi ríkis utan bandalagsins, á eignarhlutum.

Ofangreindar ráðstafanir mega ekki standa lengur en í þrjú mánuði.

Áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn getur ráðið að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í ljósi þess til hvers samningaumleitunar hafa leitt, ákveðið með auknum meirihluta að ráðstafanirnar skuli halda gildi sínu.

Takmörkun eða frestun samkvæmt framansögðu má ekki taka til stofnunar dótturfyrirtækja váttryggingafyrirtækja og dótturfyrirtækja þeirra sem hafa gilt starfsleyfi innan bandalagsins, né til þess að þau eða dótturfyrirtæki þeirra afli sér eignarhluta í váttryggingafyrirtækjum innan bandalagsins.

5. Nú telur framkvæmdastjórn að komið hafi upp sú staða sem lýst er í 3. eða 4. mgr., og skulu þá aðildarríkin tilkynna henni samkvæmt ósk hennar:

- a) um allar starfsleyfisumsóknir beinna eða óbeinna dótturfyrirtækja, ef lög þess lands utan bandalagsins sem um er að ræða gilda um eitt eða fleiri móðurfyrirtæki þeirra,
- b) um öll áform fyrirtækis sem þannig er ástatt um til að afla sér eignarhluta í váttryggingafyrirtæki innan bandalagsins, sem þannig yrði dótturfyrirtæki þess fyrrnefnda.

Upplýsingaskylda þessi fellur niður er samningur kemst á við land það utan bandalagsins sem um getur í 3. eða 4. mgr., eða þegar ráðstafanir þær sem um getur

í 2. og 3. undirgrein 4. mgr. falla úr gildi.

6. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við skuldbindingar bandalagsins vegna tvíhliða eða fjölhliða þjóðréttarsamninga um það er fyrirtæki stofna til og reka váttryggingastarfsemi.“

5. gr.

Annar og þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 88/357/EBE eru felldir úr gildi.

6. gr.

Eftirfarandi grein er hér með felld inn í III. bálk tilskipunar 88/357/EBE:

„12 gr. a

1. Grein þessi gildir þegar fyrirtæki váttryggir um skrifstofu í aðildarríki gegn áhættu í öðru aðildarríki sem fellur undir 10. flokk í A-lið viðauka við tilskipun 88/367/EBE, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni.

2. Aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt skal gera þá kröfu að fyrirtækið gerist aðili að landsskrifstofu alþjóðlegra bifreiðatrygginga og ábyrgðarsjóð hennar, og taki þátt í að kosta starfsemi hennar.

Þó verður þess ekki krafist að fyrirtækið greiði eða láti af hendi önnur framlög til landsskrifstofu alþjóðlegra bifreiðatrygginga eða ábyrgðarsjóðs í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt vegna áhættu sem váttryggt er gegn á grundvelli réttar til að stunda þjónustustarfsemi, en það sem sambærilegt teldist því sem reiknað væri út fyrir fyrirtæki sem váttryggt um starfsstöð í því aðildarríki gegn áhættu í 10. flokki, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni, út frá iðgjaldatekjum þess í sama flokki í því aðildarríki eða fjölda váttrygginga sem þar eru í gildi í þeim flokki.

3. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að váttryggingafyrirtæki sem veitir þjónustu sé gert að hlíta reglum þess ríkis þar sem þjónustan er veitt um vernd gegn íþyngjandi áhættu, að því leyti sem þær gilda um fyrirtæki sem þar eiga starfsstöð.

4. Aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt skal gera kröfu um að fyrirtækið sjái til þess að tjónþolar, sem gera bótakröfu á hendur því vegna tjónsatburðar á yfirráðasvæði þess, séu ekki lakar settir vegna þess að fyrirtæki, sem váttryggir gegn áhættu í 10. flokki, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni, starfar þar á grundvelli réttar til að stunda þjónustuviðskipti, en ekki á grundvelli staðfesturéttar.

Aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt skal í þessu skyni krefjast þess af fyrirtækinu að það skipi sér fyrirsvarsmann sem hafi aðsetur eða starfsstöð á yfirráðasvæði þess er safni öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi bótakröfur, hafi fullnægjandi heimildir til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart þeim sem

orðið hafa fyrir tjóni og kunna að setja fram bótakröfur, þar á meðal til að greiða þær, og til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða láta aðra koma fram fyrir þess hönd, eftir því sem nauðsyn krefur, fyrir dómstólum eða gagnvart yfirvöldum aðildarríkisins vegna þeirra krafna.

Einnig má krefjast þess að fyrirsvarsmáðurinn komi fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem þjónustan er veitt, hvað snertir eftirlit með því að gild ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja sé fyrir hendi.

Aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt má ekki krefjast þess að sá sem skipaður er vinni önnur störf í þágu þess fyrirtækis sem skipaði hann en þau sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. Hann má ekki hefja starfsemi á sviði frumtrygginga fyrir hönd viðkomandi fyrirtækis.

Skipun fyrirsvarsmanns sem slík felur ekki í sér að opn- að sé umboð eða útibú sem í b-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE segir og fyrirsvarsmáðurinn kemur ekki í stað starfsstöðvar í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar þessarar.“

7. gr.

1. Eftirfarandi undirgrein er hér með bætt við 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 88/357/EBE:

„Ef fyrirtæki hyggst veita þjónustu í aðildarríki á sviði váttrygginga gegn áhættu í 10. flokki, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni, getur ríkið krafist þess af fyrirtækinu að það:

- tilkynni um nafn og starfsstöð þess fyrirsvarsmanns tjónsuppgjör, sem fjallað er um í 4. mgr. 12. gr. a,
- leggi fram yfirlýsingu um að það hafi gerst aðili að landsskrifstofu alþjóðlegra bifreiðatrygginga og ábyrgðarsjóði í því ríki þar sem það hyggst veita þjónustu.“

8. gr.

Eftirfarandi undirgrein er hér með bætt við 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 88/357/EBE:

„Hvert aðildarríki getur krafist þess að nafn og starfsstöð fyrirsvarsmanns váttryggingafyrirtækisins komi einnig fram í ofangreindum skjölum.“

9. gr.

Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 88/357/EBE:

1. Hver starfsstöð skal veita því yfirvaldi sem fer með eftirlit með starfsemi á grundvelli réttar til að stunda þjónustuviðskipti upplýsingar um heildarfjár-

hæð iðgjalda, án frádráttar á endurtryggingariðgjöldum, sem móttækin hafa verið, sundurliðaðar eftir aðildarríkjum og samandregnum greinaflokkum. Samandregnir greinaflokkar eru skilgreindir sem hér segir:

- slysa- og sjúkraváttryggingar (1. og 2.),
- ökutækjatrýggingar (3., 7. og 10., og skulu tölur um 10. flokk sérgreindar að undanskilinni ábyrgð farmflytjanda,
- brunaváttryggingar og aðrar váttryggingar gegn eignatjóni (8. og 9.),
- flug-, sjó- og flutningaváttryggingar (4., 5., 6., 7., 11. og 12.),
- almennar ábyrgðartryggingar (13.),
- greiðslu- og efndaváttryggingar (14. og 15.),
- aðrir flokkar (16., 17. og 18.).

Eftirlitsyfirvald hvers aðildarríkis skal framsenda upplýsingar þessar eftirlitsyfirvöldum hvers aðildarríkis þar sem þjónusta er veitt.“

10. gr.

Eftirfarandi kemur í stað lokaundirgreinar 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 88/357/EBE:

„Undanþága sú sem heimiluð er frá 1. janúar 1995 gildir einungis um samninga um áhættu í 3., 8., 9., 10., 13. og 16. greinaflokki, sem einungis er að finna í einhverju þeirra fjögurra aðildarríkja sem fengið hafa heimild til umþóttunar.“

11. gr.

Ef um er að ræða stóráhættu í skilningi d-liðar 5. gr. tilskipunar 73/239/EBE, sem fellur undir 10. flokk, að ábyrgð farmflytjanda undanskilinni, getur aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt ákveðið, þrátt fyrir það sem í 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 88/357/EBE segir, að:

- upphæð tryggingarsjóðs vegna samningsins skuli ákveðin samkvæmt reglum þess aðildarríkis og undir eftirliti yfirvalda þar, eða eftir þeim venjum sem komist hafa á í því ríki ef reglur um það eru ekki fyrir hendi, allt þar til tilskipun til samræmingar á ársreikningum váttryggingafyrirtækja kemur til framkvæmda gagnvart aðildarríkjum, eða;
- eftirlit með því hvort jafnverðmætar og samsvarandi eignir standi að baki tryggingarsjóði skuli vera í höndum yfirvalda þess aðildarríkis og fara fram samkvæmt reglum þess eða venjum, allt þar til þriðja tilskipun um váttryggingar aðrar en líftryggingar er birt, eða;

— eftirlit með því hvar þær eignir eru sem fjallað er um í öðrum undirlið skuli vera í höndum yfirvalda þess aðildarríkis og fara fram samkvæmt reglum þess eða venjum, allt þar til þriðja tilskipun um váttryggingar aðrar en líftryggingar kemur til framkvæmda gagnvart aðildarríkjum.

12. gr.

Aðildarríki skulu breyta landslögum sínum til samræmis við tilskipun þessa áður en 18 mánuðir eru liðnir frá birtingu hennar, ⁽¹⁾ og tilkynna það framkvæmdastjórn þegar í stað.

Reglum sem sæta breytingum samkvæmt því sem í fyrstu málsgrein segir skal komið til framkvæmda innan 24 mánaða frá birtingu tilskipunar þessarar.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. nóvember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

P. ROMITA

forseti.

⁽¹⁾ Tilskipunin var birt aðildarríkjunum 20. nóvember 1990.